

FJALLSKILADEILD AUÐKÚLUHEIÐAR

Sunnudaginn 16. júní 2019 fór fjallskilastjórn í gróðurskoðun fram á Auðkúluheiði. Farið var fram að Seyðisá og niður í Svínadal í bakaleiðinni. Heiðin er allgóð en vantar tilfinnanlega vætu. Ákveðið var að leyfa upprekstur fjár á Auðkúluheiði þann 20. júní næstkomandi og upprekstur hrossa í hrossahólf þann 3. júlí næstkomandi. Fjallskilastjórn beinir því til sveitastjóra að endurvekja þá hugmynd frá því í fyrra um uppsetningu hunda búra á Hveravöllum og í Áfanga. Fjallskilanefnd er ósátt við þann niðurskurð sem boðaður hefur verið á fjármagni til viðhalds girðinga á Auðkúluheiði miðað við síðustu ár. Telur nefndin niðurskurð ekki í samræmi við bókun meirihlusta sveitastjórnar á fundi sínum 12. júní síðastliðinn. Tilvitnun: Taldi því meirihlutinn eðlilegt að stórauka viðhald á eignum sveitarfélagsins. Farið var á bít Jóns Kristófers í gróðurskoðunina.

Fleira ekki gert

Fundi slitið

Júlíus Óskarsson (sign)

Jón Kristófer Sigmarsson (sign)

Sigurður Ingi Guðmundsson (sign)